

herskip þetta komi við á Íslandi á sínum vanalegu ferðum í því augnamiði, sem áður hefur verið getið, og að nokkrum Íslendingum, sem þess kynnu að óska, gæfist kostur á að kynna sér sjómennsku á skipi þessu, og skyldi dómsmálastjórnin endurgjalda sjóliðsstjórninni kostnað þann, er af því kynni að leiða. Þar á móti verður dómsmálastjórnin að hafna tilboðinu um að senda skipið aptur til Íslands í septembermánuði, þarð það ekki getur komið að neinu haldi til að verja hin íslenzku fiskimið, þegar svo er áliðið.

1860.
12. apríl.

Sjóliðsstjórnin hefur enn fremur dregið á að senda herskip til Íslands við og við framvegis, og getur dómsmálastjórnin ekki annað en lýst þakklæti sínu fyrir heitorð þetta. Um leið og sjóliðsstjórnin hefur gefið heit þetta, hefur hún spurt, hvort nokkrar frekari ákvarðanir mundi mega gjöra í þessu augnamiði. En dómsmálastjórnin verður að geyma sér rétt til að taka mál þetta til nákvæmari íhugunar.

Að endingu leyfir dómsmálastjórnin sér að biðjast upplýsingar um, hvort herskipið „Heimdalur“ fari beinlínis til Reykjavíkur, og nær ætlað er til að það verði þangað komið, svo það verði gefið hlutaðeiganda yfirvaldi til vitundar. Það væri æskilegt, ef herskipið seinna gæti komið við á einhverri höfn á vesturlandinu, svo sem á Stykkishólmi eða Dýrafirði.

14. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrktarfé prestaekkna.

17. apríl.

Með bréfi þessu látum vér yður vita, að þeir 300 dalir, sem hingað til hafa á ári hverju verið færðir til í eptirlauna-reikningum ríkisins, og sem eptir konungs úrskurði 13. maí 1785 hafa verið hafðir til styrktar prestaekkjum og börnum þeirra á Íslandi, og þær hafið úthlutað, verða í fjárhagslögum um fyrir árið 1860 taldir meðal útgjalda Íslands, sem sjá má af 9. gr. A. b. 4. í lögum þessum.